

Katrín, hvorugkynið og „mannsveskjan“

Eins og landsins börnum mun kunnugt, samþykkti Alþingi Íslendinga lög um „kynrænt sjálfræði“ (nr. 80/2019). Þau voru samkvæmt upplýsingum Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, aðalhvátamanns þeirra, samin af forkonu kynskiptingafélagsins í ríkinu („Trans Ísland“), Uglu Stefaníu Kristjónudóttur Jónsdóttur, kynjafræðingi, og heilbrigðismálaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, íslenskufraðingi. Hvorar tveggju eru svarnir kynfrelsarar og berjast fyrir samstöðu kvenfrelsunar- og kynskiptakvenfrelsunarhreyfinga (transfeminism).

Allir þekkja kvenbyltingarhugsun og – störf Svandísar. Hina merku Uglu Stefaníu þekkja líklega færri, þrátt fyrir, að hún sé ein voldugasta kona heims. Hún var þátttakandi í ráðstefnu á vegum Kvenréttindafélags Ísland um efnið. Í inngangi kom m.a. fram, að í sögulegu ljósi séð, hafi á Íslandi um langt skeið ríkt samhugur kvenréttindahreyfingar og baráttusamtaka lesbía, homma, tvíkynunga, kynskiptinga og hinsegin fólks (LHTKH eða LGBTQ, þ.e. lesbian, gay, bisexual, trans, queer).

En þar segir Uglu Stefanía (mín snörun): „Ég berst af sjónarhóli kvenfrelsunar. Þess vegna fór ég í mastersnám í kynjafræðum (gender studies) t.d. Hugur minn stóð til þess að finna persónulegri reynslu og aðgerðum einnig stóð í æðri fræðimennsku og [samþímis] víkka út sjóndeildarhringinn.“

...

Uglu Stefanía upplýsti, að hún hefði unnið á vegum kvenfrelsunarhreyfinga eins og Stígamóta og baráttuhreyfinga LHTKH. Hún heldur áfram: „Það hefur ævinlega verið augljóst, að barátta kvenfrelsara og baráttumanna fyrir réttindum LHTKH ætti samleið, því við háum stríð gegn sömu hugmyndunum, sama kúgunarkerfinu, ... feðraveldinu, kynjatvískautun.“

Það á við um Uglu Stefaníu eins og marga sams konar baráttumenn, að þeim er meinilla við málfrelsi, og er tamt að líta á annars konar skoðanir sem „hatursplæp.“

Í ljósi þessa er auðskilin samvinna Katrínar, Svandísar og Uglu Stefaníu. Allar berjast þær fyrir kven- eða hvorugkynsveldinu. Alþingismenn fljóta sofandi að feigðarósi og láta kyneymdarhugmyndafræðingana teyma sig eins og leikskólabörn í bandi.

Norður-ameríski lögfræðingurinn, Catharine MacKinnon (f. 1946) er einn meginhugmyndafræðinga VG og Katrínar. Í ritgerðinni: „Kvenfrelsun, Marxhyggja, aðferð og ríkið. Drög að kenningu“ (Feminism, Marxism, Method, and the State: An Agenda for Theory), líkir hún stéttarlegu arðráni og kúgun við „kynstéttarkúgun,“ og þar með skilgreiningu konunnar. Catarine segir m.a.:

„Gagnkynhneigð er fyrirkomulag ... [kúgunarinnar], kynferði og fjölskyldan er hið storknaða mót; kynhlutverk endurspeglar það í hugarfari þegnanna (social persona); æxlun er afleiðing þess og drottnum ær þess og kýr. [Fylgismenn Marx og kvenfrelsunar] eru hvorir um sig á einu máli um, að aðalviðfangsefni stjórnmalanna séu tengsl, þar sem [annars vegar] margir vinna og fáir njóta góðs af og [hins vegar] þar sem fáir serða og margir eru sorðnir.“

Fleiri hugmyndafræðingar kven- og kynfrelsunar leggja orð í belg:

Breski heimspekingurinn, Janet Radcliffe Richards (f. 1944): „Kvenfrelsun er róttæk eðli sínu samkvæmt ... við berum okkur fyrst of fremst illa undan stofnunum ... Sé litið um öxl er það engum vafa undirorpið, að samfélagsgerðin var til þess ætluð að tryggja körlum fullkomið vald yfir konum.“

Norður-ameríski taugafræðingurinn, Ruth Harriet Bleier (1923-1988): „Í ímyndunarsamfélagi, án gilda eða þvingunar í sambandi við kynlíf, myndi fólk væntanlega fullnægja þörf fyrir kynlíf, nánd, vináttu, ást og hlýju með alls konar þeim hætti, sem ekki væri undir áhrifum eðlisbundins kynferðis. ... Sérstaklega eru það stofnanir og hugmyndafræði gagnkynhneigðarinnar (þ.e. gagnkynhneigðarfólkskan (heterosexism)), sem umfram önnur [samfélags]öfl viðhalda undirokun kvenna í félagslegu, efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti.“

Norður-ameríski stjórnmálafræðingurinn, Rosalind Pollack Petchesky (f. 1942): „Þar eð kynskipting ríkir í sambandi við meðgöngu barna, sem [þar með] skilgreinir stöðu kvenna, gætu stjórnvaldsaðgerðir með áherslu á efnaleg hlunnindi og þjónustu í því skyni að stuðla að barneignum, létt móðurbyrðina. En [slík aðstoð] gæti viðhaldið gildandi kynskiptingu vinnunnar og kúgunar kvenna. ... Umhverfing ríkjandi æxlunarfyrikomulags í anda kvenfrelsunar og jafnaðarstefnu fæli í sér ... nýja tegund tengsla Við krefjumst gjörtækra breytinga.“

Umrædd lög eru einmitt liður í þessum gjörtæku breytingum, sem Rosalind boðar. Í hnotskurn segja þau, að kynin séu að minnsta kosti tvö. Þó hefur Katrín enn þá ekki svarað fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um fjölda þeirra. En hvernig sem því víkur við er talið, að nýfætt barn sé hvorki kven- né karlkyns í sjálfu sér, heldur sé því „úthlutað“ kyni.

Renni upp fyrir barni eða forráðamönnum þess, að því hafi verið úthlutað röngu kyni, má því sem hægst breyta. Breytingin getur hafist snemma á unglingsaldri með inntöku viðeigandi kynvaka (kynhórmóna). (Forseti Bandaríkja Norður-Ameríku, Joseph Biden, nefnir t.d. tíu ára aldur.) Lokahnykkurinn er „kynleiðrétting.“

Án tillits til nýúthlutunar kyns, sem á sér stað á Barna- og unglingsgeðdeild Landsspítalans, getur hver og einn valið að skrá kyn sitt hlutlaust, þ.e. hvorugkyns. Nöfn getur fólk aukin heldur valið að vild, án tillits til þess kyns, sem því er úthlutað.

Katrín Jakobsdóttir og VG, sem barist hafa fyrir lögleiðingu nýrra kynja, leiða oss enn frekar inn á vettvang kynleysunnar í frumvarpinu neðan máls. Þessi leiðangur er kvenfrelsurum – sumum hverra – málfarsleg raun, því lög kveða á um jafnrétti karla og kvenna eins og ráðgjafahópurinn bendir á. Hvorugkynið skapar vandræði:

„Í þessu sambandi er vert að benda á að ýmis ákvæði laga sem fjalla um kynjajafnrétti miða að því að jafna þátttökumöguleika og áhrif karla og kvenna í samfélaginu og byggjast á því að fjöldi hvors kyns á hverjum tíma sé svipaður. Dæmi um þetta eru ákvæði sem kveða á um lágmarkshlutfall karla og kvenna í nefndum, ráðum og stjórnnum. Slíkar reglur geta eðli máls samkvæmt tæpast tekið fullum fetum til einstaklinga með hlutlausu skráningu kyns enda er sá hópur mun minni en hinir tveir.“ Kynsegin kjósendur eru fjörutú að tölu, svo ályktun hins þverráðuneytislega ráðgjafahóps er óneitanlega skarpleg.

Eftir því sem kynhvarfinu vindur fram, þ.e. að aukinn fjöldi karla kvengervist til hvorugkyns (þar sem kvengildi eru í heiðri höfð), liggur við borð, að þríkynjajafnrétti náist ekki, fyrr en hvorugkynið í ýmsum tilbrigðum er komið á þar við hin fornu kyn, karl- og kvenkyn. Í stjórnun fyrirtækja t.d. yrðu að sitja 33.3% hvorugkyns, 33.3% kvenkyns og 33.3% karlkyns. Unnið er að því að útbúa sérstaka aðstöðu hjá hinu opinbera fyrir hvorugkynið, svo að manneskjuréttindi og kynréttindi verði tryggð.

Svo kemur að því, að þeir, sem þriðja kynið eða hvorugkynið skipa, aðgreinist í fleiri undirhópa samkvæmt nánari sjálfsskilgreiningu hvers og eins. Það mun vafalítið verða erfitt hlutskipti að taka að sér starf í „Kynúthlutunarstofnun Íslands.“ Í hinum nýjum lögum um kynrænt sjálfræði er nefnilega talað um „úthlutun“ kynferðis eins og drepið var á. Á grundvelli hennar verður vafalaust reist skrifræðisbákn eitt mikið í líkingu við jafnréttisbáknið.

Lausnarorð löggjafa og stjórnarsýslu kemur frá Danmörku, „manneskja“ (menneske) sem íslenskukennari minn kallaði „mannsveskju.“ Nú verða feður, mæður, börn, eiginkarlar og -konur, að manneskjum eða jafnvel að enn skrítnari „eskjum.“ Það verður svipaður öfugsnúningur með „manneskjuna“ og skurðina í löndum bænda. Fyrst voru þeir grafnir (á kostnað skattgreinenda að mestu), en nú skal ofan í þá mokað (aftur á kostnað skattgreiðenda). Í skólakerfinu var mikilli atorku beitt til að útrýma „mannsveskjunni,“ á sínum tíma. Nú bjargar hún löggjafanum undan tvískautunarkynfárinu (eðlislægu kven- og karlkyni) í jafnréttislögnum – svona hér um bil.

Nokkur dæmi: „Í stað orðanna „faðerni eða móðerni“ ... kemur: foreldrastöðu manneskju gagnvart barni.“

„Við ... bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við ef barn, sem gift manneskja sem breytt hefur skráningu kyns hefur alið en getið er utan hjónabands, hefur verið tilkynnt sem hjónabandsbarn með samþykki maka.“

„Í stað orðanna „móðir deyðir barn sitt“ ... kemur: manneskja sem elur barn deyðir það.“

„Í stað orðsins „móður“ ... þungaðrar manneskju; og í stað orðsins „móður“ ... hinnar þunguðu.“

„Pari í hjúskap eða skráðri sambúð er heimilt að gefa hvort öðru kynfrumur.“ Það hélt ég reyndar hafi átt við síðan á tímum „homo ramidus (Ardipithecus ramidus).“ Svo það er svei mér ekki seinna vænna að lögfesta það við Austurvöll.

Samtímis upprætingu hinna fornu kynja er unnið að námsefni fyrir skóla landsins – í boði ríkisstjórnar og skattgreiðenda. Nýlega skilaði skýrslu nefnd Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra Framsóknarflokksins, sem ég hvet fólki til að lesa. Nefndin var í raun skipuð ellefu konum og einum pilti.

Konurnar í nefndinni leggja til grundvallar sömu kynhugmyndafræði og höfundar umræddra laga. (Það er gerð stuttleg grein fyrir skýrslunni í greininni: „Kynliljur Lilju. Kynheilbrigði og ofbeldisvarnir í grunn- og framhaldsskólum. Af þvingaðri gagnkynhneigð og gagnkynhneigðarhyggju“ á: arnarsverrisson.is og arnarsverrisson.blog.is.)

https://www.althingi.is/altext/151/s/0021.html?fbclid=IwAR29co8KjA51k7CG0f0fPOUV6qSe_PAoso4JFknXmAc0_oWqWyd6KfajRJI